



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfjörður 31. maí 2021  
Málsnr. 1807238

**Efni: Selvogsgata 3. Umsögn vegna athugasemda.**

Erindi vegna byggingarleyfisumsóknar á geymsluskúr við Selvogsgötu 3 var grenndarkynnt aðliggjandi nágrönnum frá 12. apríl til og með 17. maí 2021. Ein athugasemd barst vegna fyrirhugaðra byggingaráforma með bréfi dags. 11.5.2021.

Í því bréfi kemur að eigendur við Brekkugötu 25 samþykki ekki staðsetningu fyrirhugaðs geymsluskúrs þar sem staðsetning hans muni takmarka aðgengi að skúr á þeirri lóð sem stendur að hluta til á lóðamörkum við Selvogsgötu 3.

Erindi vegna lóðamála milli Brekkugötu 25 og Selvogsgötu 3 hefur áður verið til umfjöllunar hjá embættinu og á lögfræðisviði bæjarins. Líkt og þar hefur komið fram er nú þegar veggur á lóðamörkum milli framangreindra lóða þar sem fyrirhuguð staðsetning geymsluskúr er.

Þar af leiðandi verður ekki séð að fyrirhugaður skúr takmarki frekar aðgengi að þeim geymsluskúr sem stendur á lóð Brekkugötu 25, en nú er.

Ekki verður heldur séð að staðsetning fyrirhugaðs geymsluskúrs skerði á nokkurn hátt möguleika til útivistar í garði við Brekkugötu 25 hvað varðar skuggavarp eða innsýn.

Í ljósi framangreindra atriða telst þeim athugasemdum sem bárust svarað.

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt